

Skólaráðsfundur 10. apríl 2024

Fundinn sátu: Vildís Björk Bjarkadóttir, Karítas Sigurbjörg Björnsdóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Emma Sif Björnsdóttir, Elenóra Jónsdóttir, Sighvatur Pálmason fulltrúi 10. bekkjar, Emma Katrín Helgadóttir fulltrúi 10. bekkjar, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Skóladagatal 2024-2025.

Búið er að samræma skóladagatal næsta skólaárs við aðra leik- og grunnskóla í Skagafirði varðandi helstu frídaga s.s. haustfrí og vetrarfrí. Við skoðun á skóladagatalinu gerir skólaráð athugasemdir við sundurslitna skóladaga í vikunni eftir páska, 23. og 25. apríl. Líkur eru á að þeir dagar yrðu illa nýttir og margir nemendur í fríi. Lagt er til að skóladagatali verði breytt í þá veru að skipulagsdagar í maí verði færðir á þessa daga, en nemendur yrðu í fríi. Hægt væri að benda foreldrum á að nýta skólafrí, eins og haustfrí, vetrarfrí og páskafrí til lengri ferða með nemendum í stað þess að taka nemendum úr skóla á ýmsum öðrum tímum vegna utanlandsferða. Rætt var um að e.t.v. mætti útbúa skýringar með skóladagatali.

Önnur mál.

- Rætt um árshátíðir nemenda í Bifröst, en þessa dagana er verið að ljúka sýningum á síðustu árshátíðunum, en þær eru á yngsta stigi. Þetta er fyrsta skólaárið í nokkurn tíma sem hægt hefur verið að hafa sýningar hjá öllum árgöngum, en síðastliðin þrjú ár hafa sýningar hjá 8. og 9. bekk fallið niður, m.a. vegna framkvæmda í Bifröst og samkomutakmarkana.
- Yngsta stigið verður með „Sumarsælukaffi“ fyrir eldri borgara fimmtudaginn 2. maí.
- Starfsmannahald í kennarahópnum er í ágætum farvegi fyrir næsta skólaár.
- Það komu ný húsgögn í kennslustofurnar í A-álmú fyrir páska og er mikil ánægja með þau hjá nemendum og starfsfólki. Þetta eru sams konar húsgögn og í hinum álmunum. Húsgögnin eru fallega litrík og gera námsumhverfið í kennslustofunum mun aðgengilegra og rýmra.